

Paulinn 2024 - Fullorðnir

Miðvíkurfjall

Miðvíkurfjall er 560 m hátt.

Fjallið er sunnan Þjóðvegarins um Víkurskarð.

Ekið er eftir Þjóðvegi 1 upp í Víkurskarð að litlu malarbílastæði, þar sem hægt er að leggja bílum. Þaðan er gengið vestan lækjarins upp hlíðina og síðan sveigt til hægri og stefnan tekin á norðuröxl hnjúksins, síðan er gengið upp á hnjúkinn.

Fallegt útsýni er yfir Eyjafjörðinn vestanverðan og út til hafsins.

Sama leið gengin til baka.

Vegalengd alls (fram og til baka) um 4 km. Gönguhækkun er 320 m.

Áætlaður göngutími er 1 - 2 klst.